



Alþingi
Erindi nr. Þ 132/159
komudagur 25.11.132/159

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 23. nóvember 2005

Tilvísun: 2005110088

091.1

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK


Umsögn um tillögu til þingsályktunar um láglandsvegi

Vísað er til bréfs samgöngunefndar frá 8. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar ríkislögreglustjórans um tillögu til þingsályktunar um láglandsvegi.

Ríkislögreglustjórinn tekur undir það að Vegagerðinni skuli falið að vinna að tillögum um gerð láglandsvega og þar með talið jarðgangna. Með styttingu vega, á öruggan hátt, má fullyrða að umferðaröryggi eykst sem leiðir af sér hagkvæmni fyrir þjóðfélagið og ríkislögreglustjórinn fagnar öllum tillögum sem miða að því að auka umferðaröryggi á þjóðvegum landsins.

Rétt er að benda á að í þingsályktunartillögunni virðist ekki vera gert ráð fyrir að lagt verði fram kostnaðarmat vegna tillaganna sem Vegagerðinni yrði falið að gera. Hins vegar er gert ráð fyrir að reiknaður verði út sparnaður samfara nýju vegakerfi og í dæmaskyni nefnd tiltekin atriði sem ekki er augljóst að Vegagerðin sé réttur aðili til að fjalla um.

F.h. RLS


Steinar Adolffson, fögl. fulltr.